




ÁLAGSPRÓF

FJÁRMÁLASTÖÐUGLEIKI

2025 |



Seðlabanki Íslands hefur það lögbundna hlutverk að stuðla að stöðugu verðlagi, fjármálastöðugleika og traustri og öruggri fjármálastarfsemi. Þá skal bankinn sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. að stuðla að því að viðnámsþróttur banka sé nægur til að viðhalda framboði lánsfjár og styðja við hagkerfið á álags tímum. Árlegt kerfislegt álagspróf Seðlabankans leggur mat á áhættuþætti í rekstri banka eins og þeir gætu þróast í alvarlegri en mögulegri áfallssviðsmynd. Gætt er að innra samræmi sviðsmyndarinnar með því að nýta þjóðhagslíkan Seðlabankans við mat á þróun hagstærða í áfalli. Niðurstaða úr álagsprófi Seðlabankans er innlegg í mat á kerfisáhættu og á mögulegri beitingu þjóðhagsvarúðartækja, m.a. breytingum á eiginfjárkröfum banka.

Tilgangur ritsins um álagspróf er:

- Að stuðla að upplýstri umræðu um álagspróf og mikilvægi þeirra fyrir mat á viðnámsþrótti fjármálakerfisins í alvarlegum áföllum.
- Að greina frá áherslum bankans á þessu sviði.
- Að greina frá þróun bankans á aðferðafræði og líkönum við hönnun sviðsmynda og framkvæmd álagsprófa.

Útgefandi:

Seðlabanki Íslands, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík, 569 9600, sedlabanki@sedlabanki.is, www.sedlabanki.is

1. rit. 12. september 2025 ISSN 3023-2333, vefrit

Öllum er frjálst að nota efni úr ritinu *Álagspróf* en þess er óskað að getið sé heimildar.

Efnisyfirlit

Álagspróf í hnotskurn	4
-----------------------	---

Álagspróf 2025	5
----------------	---

Samantekt	5
Sviðsmyndir	5
Tilgangur kerfislegs álagsprófs	5
Álagssviðsmynd 2025	6
Niðurstöður	7
Inn- og útlánavöxtur	7
Hreinar vaxtatekjur	8
Útlánatap	8
Rekstur	9
Eigið fé	10
Áhættugrunnur	10
Eiginfjárlutföll og kröfur	10
Samanburður við grunnsviðsmynd	11
Ályktanir	12

Rammagreinar

Íslenskir bankar og álagspróf EBA árið 2025	13
Útlánavöxtur og víxlverkun	16

Viðauki

Orðskýringar	18
--------------	----

Álagspróf í hnotskurn



Álagspróf Seðlabanka Íslands bendir til þess að kerfislega mikilvægu viðskiptabankarnir þrír (KMB) hefðu nægan viðnámsþrótt til að viðhalda framboði lánsfjár og styðja við hagkerfið í alvarlegu áfalli. Áfall sem gert er ráð fyrir í álagsprófinu er byggt á mögulegri og alvarlegri framvindu sem að þessu sinni eru látin tengjast aukinni spennu í alþjóðaviðskiptum og vaxandi stríðsátökum og afleiðingum þeirra. Áfallið leiðir til samdráttar í landsframleiðslu, aukins atvinnuleysis og mikillar lækkunar eignaverðs.



Mat Seðlabankans er að útlánatap KMB yrði í heild 145 ma.kr. skv. sviðsmyndinni sem dregin er upp, eða sem nemur 3,3% af kröfuvirði útlánasafns KMB eins og það stendur við upphaf álagsprófsins. Sterkur grunnrekstur KMB vegur á móti útlánatapi svo samanlagt tap þeirra eftir skatta nemur 13 ma.kr. á því ári sem það verður mest skv. sviðsmyndinni.



Hlutfall almenns eigin fjár þáttar 1 af áhættugrunni lækkar um 1,3 prósentur frá upphafi sviðsmyndarinnar til lággildis þess. Heildarkröfu um eigið fé og almennt eigið fé þáttar 1 er fullnægt öll árin. Miðað við niðurstöður álagsprófsins eru ekki horfur á að KMB þyrftu að draga verulega úr lánsfjárframboði til að bregðast við áfallinu. Það er því með öðrum orðum ólíklegt að bankarnir þyrftu að draga úr lánveitingum til að styrkja eiginfjárlutföll og valda með því enn dýpri samdrætti í efnahagslífinu.



Forsendur álagssviðsmyndar Seðlabankans eru nú í fyrsta skipti sambærilegar við þær sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin notar í álagsprófi á 64 evrópskar bankasamstæður. Samanburður leiðir í ljós að lækkun eiginfjár- og vogunarhlutfalla íslenskra banka er væg í samanburði við evrópsku bankana. Þessi niðurstaða skýrist meðal annars af hærri vogunarhlutfalli íslenskra banka og hlutfallslega minni markaðstengdri áhættu. Niðurstaðan er jákvæð, en hafa ber í huga að íslenskt hagkerfi er smærra og útsett fyrir margvíslegri áhættu.

Álagspróf 2025

Samantekt

Markmið álagsprófs Seðlabanka Íslands sem miðast við árin 2025 til 2027 er að meta áhrif alvarlegs áfalls á kerfislega mikilvægu viðskiptabankana þrjá (KMB) og hvort viðnámspróttur þeirra sé nægur til að viðhalda framboði lánsfjár og styðja við hagkerfið á álagstímum. Við árslok 2024 tilheyrðu 93% af heildareignum innlánsstofnana KMB.¹

Við upphaf tímabilsins sem álagsprófið nær til var eiginfjárstaða bankanna rúm, hvort sem hún var mæld með eiginfjárlutfalli, hlutfalli almenns eigin fjár þáttar 1 eða vogunarhlutfalli. Einnig var tryggingastaða útlána þeirra sterk, meðal annars vegna þess að reglur Seðlabankans um veðsetningarhlutföll hafa takmarkað skuldsetningu lántaka á íbúðamarkaði undanfarin ár.² Mat Seðlabankans er að útlánatap yrði 145 ma.kr. samkvæmt sviðsmyndinni sem dregin er upp, eða sem nemur 3,3% af kröfuvirði útlánasafnsins eins og það stóð við lok síðasta árs. Grunnrekstur KMB er aftur á móti arðbær í áfallinu og vegur það á móti útlánatapinu. Samanlagt tap af rekstri bankanna þriggja eftir skatt nemur því ekki nema 13 ma.kr. á fyrsta ári sviðsmyndar og hlutfall almenns eigin fjár þáttar 1 af áhættugrunni lækkar um 1,3 prósentur. Heildarkröfu um eigið fé og almennt eigið fé þáttar 1 er fullnægt öll árin sem sviðsmyndin nær til og ekki er gert ráð fyrir, ef á heildina er litið, að viðbrögð bankanna við áfallinu verði til þess fallin að draga verulega úr lánsfjárframboði.

Í prófinu er ekki gert ráð fyrir neinum stjórnendaðgerðum sem gætu t.d. falist í breytingum á lánaskilmálum, breytingu á hlutfallslegri samsetningu útlána og fjármögnunar eða útgáfu eiginfjárgerninga umfram þá sem þarf til þess að endurfjármagna fyrri gerninga. Þá er heldur ekki gert ráð fyrir að stjórnvöld grípi inn í efnahagsþróunina með sértækum hætti.

Tilgangur kerfislegs álagsprófs

Kerfislegt álagspróf Seðlabanka Íslands er framkvæmt ár hvert. Með því eru áhættuþættir í rekstri KMB prófaðir og bornir saman. Niðurstaðan er innlegg í mat á kerfisáhættu og á mögulegri beitingu þjóðhagsvarúðartækja. Með álagspróflíkaninu og öðrum haglíkönum má einnig meta samspil bankakerfisins við hagkerfið utan bankakerfisins eins og gert er í ramma-grein 2. Lækkun eiginfjárlutfalla KMB í álagsprófinu getur orðið grunnur breytinga á eiginfjárkröfum. Í viðmiðum fjármálastöðugleikanefndar um sveiflujöfnunarauka kemur fram að við ákvörðun um hlutlaust gildi sveiflujöfnunaraukans sé m.a. litið til þróunar eiginfjárlutfalla fjármálafyrirtækja samkvæmt álagsprófum Seðlabankans.³

Sviðsmyndir

Landfræðipólitísk áhætta, m.a. vegna stríðsátaka í Evrópu og tollastríðs, telst ein af lykiláhættunum sem steðja nú að íslenska hagkerfinu. Þessi áhætta er einnig undir smásjóni í nágrannalöndum Íslands og var valin sem grundvöllur álagssviðsmyndar í álagsprófi Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (e. European Banking Authority, EBA) á þessu ári.⁴ Hagstærðir í sviðsmynd EBA álagsprófsins ná til flestra vestrænna ríkja, þó ekki Íslands og fyrir hvert ríki er sviðsmyndin sniðin að hagkerfi þess. Álagssviðsmynd Seðlabankans í ár byggist á greiningu á sviðsmynd EBA og mati á líklegri hagþróun innanlands sem samræmst gæti heildstærri greiningu með aðstoð þjóðhagslíkans Seðlabankans.⁵

Til viðbótar mati á áhættu og mögulegri lækkun eiginfjárlutfalla gefur álagspróf ársins í ár eftirlitsaðilum, þátttakendum í prófinu og öðrum greiningaraðilum færi á að bera íslenska bankakerfið saman við það evrópska. Sá samanburður er þó háður ýmsum annmörkum, en nánar er fjallað um það í rammagrein 1.


1. Frekari lýsingu á álagsprófi Seðlabankans má finna í Kaloinen, E. et al. (2017), *The Central Bank of Iceland's approach to stress testing the Icelandic banking system*. Central Bank of Iceland Working Paper no. 75.
2. Sjá reglur nr. 217/2024 um hámark veðsetningarhlutfalls fasteignalána til neytenda.

3. Sjá *Viðmið við ákvörðun um gildi sveiflujöfnunarauka* birt á heimasíðu Seðlabankans í desember 2024.
4. Allar helstu upplýsingar um álagspróf EBA má finna [hér](#).
5. Íslenskir bankar taka ekki þátt í álagsprófi EBA og sviðsmynd EBA inniheldur ekki þjóðhagsstærðir fyrir þróun íslenska hagkerfisins.

Þróun helstu áhættuvísu í álagssviðsmyndinni er einnig borin saman við grunnsviðsmynd, en hún er byggð á forsendum um þróun efnahagsmála næstu árin í samræmi við grunnsþá Seðlabankans í *Peningamálum* 2024/4. Þróun vaxta er þó ekki hluti af birtri grunnsþá Seðlabankans. Því byggir þróun skammtíma vaxta á meðaltalssþá stóru viðskiptabankanna þriggja undir lok árs 2024 og þróun fimm ára vaxta er leidd út frá ávöxtunarferli ríkisskuldabréfa 30. desember 2024.

Álagssviðsmynd 2025


Rætur áfallsins í álagssviðsmynd þessa árs liggja utan landsteinanna. Aukin spennu í alþjóðasamskiptum leiðir til þess að alþjóðleg viðskiptatengsl rofna og einangrunarhyggju vex fiskur um hrygg. Áhrifin af því eru hvarvetna alvarleg og varanleg. Atvinnugreinar sem reiða sig á alþjóðlegar aðfangakeðjur verða fyrst fyrir áfalli og eykst atvinnuleysi vegna þess. Samdráttur verður því í heimshagkerfinu. Til viðbótar við það færast aukinn þungi í stríðsátök sem leiðir til hækkunar orkuverðs og síðar hrávöruverðs. Hvort tveggja leiðir til hækkunar á almennu verðlagi og vöxtum. Aukin útgjöld til varnarmála, vaxtahækkunir og minni hagvöxtur valda ört versnandi skuldastöðu hins opinbera í ríkjum Evrópu. Netarásir á evrópska banka aukast samhliða aukinni spennu í alþjóðasamskiptum svo lánshæfi þeirra versnar



og áhættuálag á markaðsskuldabréf þeirra hækka umfram það sem gerist hjá fyrirtækjum í öðrum atvinnugreinum.

Ferðamönnum til Íslands fækka vegna aukins atvinnuleysis í helstu viðskiptalöndum. Fjöldi þeirra verður 2,1 milljón árið 2025 og dregst svo saman að meðaltali um 2,1% á ári. Til samanburðar komu 2,3 milljónir erlendra ferðamanna til landsins árið 2024. Aðrar útflutningsgreinar verða einnig fyrir skakka-föllum vegna hærri tolla og minnkandi eftirspurnar. Heildaráhrifin eru þau að útflutningur dregst saman að meðaltali um 5,3% á ári yfir sviðsmyndartímabilið. Það er álíka samdráttur og árið 2019 þegar samdráttur varð í ferðaþjónustu eins og sjá má á mynd 1.

Áhrifin koma einnig fram í minnkandi fjárfestingu innan atvinnuvega. Fjárfesting í útflutningsgreinum hefur verið veruleg á umliðnum árum, til dæmis í gagnaverum, lyfjaiðnaði og landeldi. Búast má við að fjárfestar bregðist hratt við breyttum aðstæðum og dragi úr fjárfestingum í þessum atvinnugreinum svo atvinnuvegafjárfesting minnkar um 17,8% samanlagt á árunum 2025 og 2026.




Á mynd 2 er þróun fjárfestingar í áfalli borin saman við söguleg gögn og forsendur grunnsviðsmyndar. Myndin sýnir að fjárfesting innan atvinnuvega, og höggið sem hún verður fyrir er ráðandi fyrir fjárfestingu almennt.

Þetta veldur auknu atvinnuleysi, sem verður mest 7,7% að meðaltali á árinu 2026. Einnig veldur þetta töluverðum efnahagssamdrætti, eða 3,3% árið 2025 og 2,4% árið 2026. Gert er ráð fyrir að fjárfesting hins opinbera verði óbreytt frá grunnsviðsmynd þótt skatttekjur lækki og ýmis útgjöld aukist, til dæmis vegna atvinnuleysis.


Gengi íslensku krónunnar er nokkuð stöðugt fyrsta árið sem sviðsmyndin nær til en raungengi styrkist um tæplega eitt prósent á árinu 2025. Raungengi tekur svo að veikjast árin 2026 og 2027, eða um rúm 6% á hvoru ári. Samdráttur í hagkerfinu leiðir af sér framleiðslu- slaka og hjaðnandi verðbólgu en hún verður lítillega yfir grunnspá árið 2025 eða 4,2%. Á árinu 2026 verður hún að meðaltali 2,9% en 1,1% árið 2027. Skammtíma- og langtíma- og langríkavöxtum verður óverðtryggð ávöxtunarferillinn enn meira niðurrhallandi fyrst um sinn en réttist svo af þegar líða tekur á sviðsmyndina og verður loks upphallandi við lok árs 2026.

Mynd 3
Hagvöxtur í áfalli samanborið við EBA sviðsmynd



Heimildir: Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA), Seðlabanki Íslands.

Mynd 4
Atvinnuleysi í áfalli samanborið við EBA sviðsmynd



Heimildir: Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA), Efnahags- og framfarastofnunin (OECD), Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Samkvæmt sviðsmyndinni verða áhrif töluverð á helstu eignamarkaði. Helst ber að nefna að verð atvinnuhúsnæðis lækkar um 25,5% að nafnvirði frá árslokum 2024 til ársloka 2025 eða um 28,7% að raunvirði. Á sama tíma lækkar verð íbúðarhúsnæðis um 20,2% að nafnvirði eða um 23,6% að raunvirði. Að auki er gert ráð fyrir að verðmunur nýrra og eldri íbúða hverfi svo verð íbúða sem verktakar og byggingafélög eru með á bókum sínum lækkar um tæp 5% til viðbótar. Hlutabréfaverð lækkar um 35,6% milli ársloka 2024 og 2025 vegna smitáhrifa frá erlendum hlutabréfamörkuðum og vegna mikilvægis alþjóðaviðskipta fyrir stærstu félögin í kauphöllinni.

Olíu- og álverð hækkar varanlega um tæp 50% á fyrsta ári sviðsmyndarinnar vegna stríðshræringa. Hækkun álverðs skilar auknum tekjum fyrir þjóðarbúið en olíuverð hækkar kostnað framleiðslu. Útflutningsverð sjávarafurða lækkar hins vegar samanlagt um 12,2% yfir fyrstu tvö ár sviðsmyndarinnar vegna tolla og viðskipta-hindrana.

Ekki er gert ráð fyrir skertu aðgengi KMB að fjármögnun en gert er ráð fyrir að álag á ávöxtunarkröfu skuldabréfaútgáfu einkageirans og fjármögnun banka hækki. Vaxtaálag banka og fyrirtækja verður um 150 punktar á verðtryggðri innlendri markaðsfjármögnun en 200 punktar á óverðtryggðri. Álag á erlenda fjármögnun bankanna ofan á viðmiðunarvexti nemur 600 punktum en sambærilegt vaxtaálag íslenskra ríkisskuldabréfa í erlendum gjaldmiðlum verður 175 punktar.

Niðurstöður


Álagsprófið er unnið í samstarfi við KMB. Sviðsmyndin er kynnt bönkunum og þeim boðið að meta þróun rekstrar og efnahags í áfallinu. Samhliða því er sams konar greining unnin í Seðlabankanum og svo fara fram viðræður á milli Seðlabankans og bankanna. Hér eru birtar niðurstöður Seðlabankans sem lúta að því hvernig rekstur, efnahagur og eiginfjárlutföll KMB gætu þróast í álagssviðsmyndinni.

Inn- og útlánavöxtur

Við mat á þróun inn- og útlána í sviðsmyndunum er notast við margvið tímaraðalíkön (e. vector autoregression, VAR) sem byggja á heildarinnlánum í banka-kerfinu, útlánum til fyrirtækja, útlánum til heimila og völdum hagstærðum sem koma fyrir í sviðsmyndinni.⁶ Inn- og útlán banka í sviðsmyndunum eru látin þróast

6. Gögnin eru leiðrétt fyrir verðlags- og gengisþróun.

samkvæmt mati úr tímaraðalíkonunum sem eru skilyrt miðað við þróun hagstærða í hvorri sviðsmynd fyrir sig. Ítarlegri umfjöllum um matið er að finna í rammagrein 2.



Á mynd 5 sést metin þróun samanlagðra útlána KMB í álagssviðsmyndinni. Vöxturinn er að meðaltali 3,7% á ári í álagssviðsmyndinni en það er byggt á útkomu úr fyrrnefndum líkonum ásamt gengis- og verðlagsþróun sem hreyfir við nafnvirði útlána á bókum bankanna. Útlánavöxturinn er framan af lítill til fyrirtækja en tekur við sér undir lok sviðsmyndarinnar. Útlán til heimila eru stöðugri.

Útlánavexti fylgja bæði kostir og gallar í áfalli en hann hefur jákvæð áhrif á rekstur bankanna, að því gefnu að lántakar standi í skilum, því vaxtatekjur aukast en á móti kemur að áhættuvegna eignir bankanna verða meiri svo eiginfjárlutfallið lækkar. Útlánavöxtur samkvæmt álagssviðsmyndinni er töluvert minni en undanfarin fimm ár en á því tímabili hefur hann verið 8,9% á ári að meðaltali.

Innlán aukast um 3,6% á ári að meðaltali samkvæmt álagssviðsmyndinni sem er nóg til að hlutfall þeirra af heildarskuldum helst óbreytt í 65%. Innlán eru almennt hagstæð fjármögnun fyrir bankana en ef sú fjármögnun verður örðugri hefur það slæm áhrif á vaxtamun heildareigna.


Hreinar vaxtatekjur

Samkvæmt sviðsmyndinni lækka skammtímavextir jafnt og þétt svo innlán verða ódýrari fjármögnun fyrir KMB. Langtímavextir lækka enn hraðar en á móti kemur að einstaklingar og fyrirtæki eru misfljót að endurfjármagna skuldir sínar á bættum kjörum svo vaxtatekjur útlána lækka ekki jafn hratt og langtímavextir á markaði. Einnig er stór hluti útlána verðtryggður svo

verðbætur hafa áhrif til aukningar vaxtatekna útlána.

Gert er ráð fyrir talsvert hærra áhættuálagi skuldaþréfa samkvæmt álagssviðsmyndinni sem gerir markaðsfjármögnun bankanna dýrari. Einnig hækka vextir erlendis en hluti fjármögnunarinnar er fenginn að utan. Frá síðasta álagsprófi hafa bankarnir lengt í fjármögnun sinni þannig að meiri tímatöf verður á áhrifum hærri vaxta á meðalvexti skuldabréfa.

Heilt yfir rýrnar vaxtamunur bankanna en hann nam að meðaltali 3,2% 2024 og verður minnstur 2,1% á öðru ári álagssviðsmyndarinnar. Eftir það tekur hann að aukast á ný. Samspil lítils útlánavaxtar og minni vaxtamunar leiðir til þess að hreinar vaxtatekjur minnka um 17,6% á fyrsta ári sviðsmyndarinnar eða úr 155 ma.kr. í 128 ma.kr. Minnstar verða vaxtatekjur 121 ma.kr. á öðru ári sviðsmynda en eftir það aukast þær á ný.



Útlánatap


Þegar lán hefur verið í vanskilum í 90 daga eða lengur eða auknar líkur eru, af öðrum ástæðum, taldar á að ekki verði staðið við greiðslur af láninu er það fært á stig 3 skv. IFRS-9 reikningsskilastaðlinum. Þá er gjaldfærð virðisrýrnun sem samsvarar því tapi sem bankarnir telja sig verða fyrir komi til þess að lánið verði gert upp. Lækki veðandlög lána í verði, eins og gert er ráð fyrir í álagssviðsmyndinni, má búast við að mælikvarðinn *tap að gefnum vanefndum* (e. loss given default, LGD) hækki og KMB verði að færa aukna virðisrýrnun vegna þess.

Bankarnir færa einnig virðisrýrnun vegna lána sem eru í skilum og eru á stigi 1 skv. IFRS-9. Sú virðisrýrnun byggir á væntingum um vanskil í fram-

tíðinni samkvæmt spálíkönun KMB og væntingum um verðmæti veðandlaga. Samkvæmt álagssviðsmyndinni aukast vanskilalíkur almennt og einnig er gert ráð fyrir að verðmæti veðandlaga minnki svo bankarnir verða að gjaldfæra virðisrýrnun vegna þess.

Loks er sérstök virðisrýrnun vegna lána sem eru ekki í vanskilum en hafa laskað lánshæfi, þ.e. lán á stigi 2 skv. IFRS-9. Bankarnir færa aukna virðisrýrnun vegna þessara lána en þeim er skylt að miða vanskilalíkur þeirra við allan líftíma lánanna, en ekki bara næsta ár, eins og gildir í tilfelli lána sem eru á stigi 1. Í áföllum sambærilegum því sem lýst er í sviðsmyndinni má búast við að lánshæfi fleiri einstaklinga og fyrirtækja laskist og færast af stigi 1 á stig 2 og að virðisrýrnun aukist vegna þess.

Útlánatapið sem raungerist í álagssviðsmyndinni er því margþætt en markmiðið er að færð virðisrýrnun sé aukin tímanlega og að hún muni jafnast á við það tap sem raungerist síðar.



Tvær forsendur eru gefnar sem einfalda mat á þróun útlánataps. Í fyrsta lagi að útlán sem færast á einhverjum tímapunkti á stig 3 færast ekki til baka á stig 1 eða 2 og í öðru lagi að engin lán verði afskrifuð. Samkvæmt álagssviðsmyndinni jafnast virðisrýrnun því á við útlánatap.

Samkvæmt sviðsmyndinni verða mest vanskil hjá fyrirtækjum í byggingariðnaði og ferðaþjónustu. Virðisrýrnun vegna lána til einstaklinga er töluvert minni þar sem íbúðalán vega þungt í útlánasafni og tryggingastaða þeirra er mjög sterk.


Á fyrsta ári álagssprófsins nemur útlánatap 93 ma.kr. samanlagt fyrir bankana þrjá en það skiptist á milli útlána til fyrirtækja (74 ma.kr. eða 3,6% af kröfu-

virði fyrirtækjalána), einstaklinga (14 ma.kr. eða 0,6% af kröfuvirði lána til einstaklinga) og önnur útlán (5 ma.kr.). Einnig verður útlánatap á öðru ári sviðsmyndarinnar og í heildina verður útlánatapið 145 ma.kr. eða 3,3% af kröfuvirði lánasafnsins eins og það stóð við upphaf sviðsmyndarinnar.

Rekstur

Auk vaxtatekna og útlánataps ræðst rekstrarafkoma bankanna meðal annars af rekstrarkostnaði, hreinum þóknanatekjum og hreinum tekjum af fjármálastarfsemi.

Rekstrarkostnaður eykst lítillega samkvæmt álags-sviðsmyndinni, enda eru verðbólga og hækkun launa lítil. Rekstrarkostnaður ársins 2024 nam 83 ma.kr. hjá KMB samanlagt en á fyrsta ári álagssviðsmyndarinnar er gert ráð fyrir að hann verði 87 ma.kr., á öðru ári 88 ma.kr. og á þriðja ári 89 ma.kr. Í mati Seðlabankans á rekstrarkostnaði er fólgin sú forsenda að kostnaðar-aðhald aukist ekki umfram það sem nú er.



Hreinar þóknanatekjur aukast lítillega vegna verðbólgu og aukinna umsvifa en hreinar tekjur af fjármálastarfsemi fara úr því að vera jákvæðar í að vera neikvæðar. Á árinu 2024 námu þær 16 ma.kr. vegna gangvirðisbreytinga hlutabréfa og skuldabréfa. Það ár var hafgengt fyrir eigendur verðbréfa en hlutabréf hækkuðu í verði og ávöxtunarkrafa marga skuldabréfa lækkaði, sem kemur fram sem verðhækkun. Á fyrsta ári álagssviðsmyndarinnar lækkar hlutabréfaverð um 35,6% en á móti kemur að ávöxtunarkrafa ríkisskuldabréfa lækkar svo verð þeirra hækkar. Heilt yfir eru hreinar tekjur af fjármálastarfsemi því neikvæðar um 20 ma.kr. á fyrsta ári álagssviðsmyndarinnar, en verða svo aftur jákvæðar þegar eignaverð hækkar lítillega.

Á meðan tap er af rekstri bankanna greiða þeir ekki tekjuskatt en sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki nemur 10 ma.kr. á KMB samanlagt á fyrsta ári álags-sviðsmyndar. Eftir skatt nemur tap bankanna 13 ma.kr. á fyrsta ári, en á öðru ári verður 20 ma.kr. hagnaður og 59 ma.kr. á því þriðja. Það er töluvert minni hagnaður en undanfarin ár, enda er gert ráð fyrir mun lægra vaxtastigi í sviðsmyndinni.

Eigið fé

Almennt eigið fé þáttar 1 vex eða dregst saman í takt við hagnað eða tap þar sem ekki er gert ráð fyrir arðgreiðslum í álagsprófinu umfram þær sem samþykktar voru á ársfundi 2025 og greiddar voru út á fyrri árs-helmingi 2025. Almennt eigið fé þáttar 1 nam 676 ma.kr. við upphaf sviðsmyndarinnar. Það minnkar í 662 ma.kr. á fyrsta ári en eykst svo með jákvæðri rekstrar-afkomu. Eiginfjárgrunnurinn samanstendur af almennu eigin fé þáttar 1 en einnig viðbótar eigin fé þáttar 1 (e. additional tier 1, AT1) og eiginfjárbætti 2 (e. tier 2, T2). Þeir fjármálagerningar sem bankarnir hafa gefið út og teljast til viðbótar eigin fjár þáttar 1 og eiginfjárbáttar 2 eru margir hverjir verðtryggðir eða í erlendum gjaldmiðlum svo nafnverð þeirra í íslenskum krónum hækkar í verðbólgu eða við gengislækkun. Það vegur á móti lækkun almenns eigin fjár þáttar 1 í eiginfjárgrunninum. Þar sem verðbólga er frekar lítil samkvæmt álags-sviðsmyndinni og gengislækkun krónunnar er hófleg lækkar eiginfjárgrunnurinn lítið minna en almennt eigið fé þáttar 1, eða úr 791 ma.kr. í 781 ma.kr. og tekur svo að hækka á ný með jákvæðri rekstrarafkomu.

Áhættugrunnur

Nefnari eiginfjárlutfallsins, áhættugrunnurinn, samanstendur af áhættuvegnum eignum (aðallega útlánunum) en einnig reiknuðum fjárhæðum sem annars vegar eru byggðar á markaðsáhættu og hins vegar á rekstrar-áhættu.

Áhættuvegin útlán eru margfeldi bókfærðs virðis útlána og áhættuvoga þeirra. Þar sem bankarnir beita staðalaðferð eru áhættuvogir þeirra tiltölulega háar samanborið við stærri erlenda banka sem beita innramatsaðferð. Á móti kemur að áhættuvogir staðalaðferðar hækka jafnan ekki jafn mikið í áföllum og áhættuvogir innramatsaðferðar væru líklegar til að gera.


Samkvæmt álagsprófinu hækkar meðaláhættuvog útlána til fyrirtækja lítilliga vegna aukinna vanskila og versnandi lánshæfis fyrirtækja. Meðaláhættuvog lána

með veð í íbúðarhúsnæði hækkar lítilliga vegna aukins hlutfalls þeirra lána sem verða með veðsetningarhlutfall yfir 80% en áhættuvog þess hluta sem er yfir þeim mörkum er hærri. Áhættugrunnur vegna rekstrar-áhættu og markaðsáhættu minnkar lítilliga vegna minni rekstrartekna og taps á fjármunaeign.


Þegar öll þessi áhrif eru tekin saman vex áhættugrunnurinn úr 3.430 ma.kr. í 3.603 ma.kr. á fyrsta ári álagssviðsmyndarinnar eða um 5,1%. Til samanburðar stækkaði áhættugrunnurinn um 8,1% milli árána 2023 og 2024 en þá jukust heildareignir bankanna mun meira vegna verðbólgu og útlánavaxtar. Á seinni árum álagssviðsmyndarinnar vex áhættugrunnurinn svo um 2,1% að meðaltali.

Eiginfjárlutfall og kröfur

Í þessu álagsprófi er fylgst með tveimur eiginfjárlutföllum, annars vegar hlutfalli eiginfjárgrunns á móti áhættugrunni sem mátti að lágmarki vera 19,9% fyrir bankana þrjá að meðaltali undir lok síðasta árs og hins vegar hlutfalli almenns eigin fjár þáttar 1 á móti áhættugrunni, sem mátti að lágmarki vera 15,5%.



Við upphaf tímabilsins sem sviðsmyndin nær til var eiginfjárlutfall bankanna að meðaltali 3,2 prósentum yfir kröfu. Hlutfallið lækkar í áfallssviðsmyndinni að meðaltali um 1,4 prósentur á fyrsta ári og stendur þá í 1,8 prósentu yfir kröfu að meðaltali. Bankarnir eru þá allir yfir kröfu. Sá þeirra sem er næst henni er 0,3 prósentum yfir kröfu og sá sem er fjærst 2,7 prósentum yfir henni. Eftir það styrkjast hlutföllin aftur og undir lok þriðja árs eru bankarnir aftur komnir með eiginfjárlutfall sem eru að meðaltali 3,1 prósentu yfir kröfu.




Við upphaf sviðsmyndarinnar voru hlutföll almenns eigin fjár þáttar 1 af áhættugrunni að meðaltali 4,2 prósentum yfir kröfu. Hlutföllin lækka að meðaltali um 1,3 prósentur á fyrsta ári og eru þá 2,9 prósentum yfir kröfu að meðaltali. Eiginfjárlutfall allra bankanna er þá yfir kröfu. Sá þeirra sem er næst henni er 1,5 prósentum yfir kröfu og sá sem er fjærst er 4,5 prósentum yfir. Eftir það styrkjast hlutföllin aftur og undir lok þriðja árs eru bankarnir aftur komnir með eiginfjárlutföll sem eru að meðaltali 4,2 prósentum yfir kröfu.

Bankarnir hafa allir viðmið um stjórnendaauka en það er eigið fé sem bankarnir vilja halda umfram kröfu, svokallaður innri varúðarauki. Sviðsmyndagreiningin leiðir í ljós að eiginfjárlutfall væri í einhverju tilfelli komið niður fyrir stjórnendaauka við lok fyrsta árs álagssviðsmyndarinnar ef gert er ráð fyrir óbreyttri heildarkröfu. Leiða má að því líkur að bankarnir myndu virkja viðbúnaðaráætlanir sínar og grípa til mótvægisáðgerða. Fyrst allir bankarnir eru yfir heildarkröfu á öllum árum sviðsmyndarinnar er líklegt að gripið yrði til vægari aðgerða sem gætu til dæmis falist í aukinni vöktun lánasafna, stöðvun arðgreiðslna, einhverri takmörkun á nýjum útlánum og útgáfu eiginfjárgjörninga.

Á mynd 11 getur að líta sundurliðaða þróun hlutfalls eigin fjár þáttar 1 frá árslokastöðu 2024 að lágpunkti, undir lok fyrsta árs sviðsmyndarinnar. Fyrstu þrír liðirnir (hreinar vaxtatekjur, hreinar þóknatekjur og rekstrarkostnaður) hafa mest að segja um reglulegan rekstur bankanna og skila samanlagt hærra hlutfalli eigin fjár þáttar 1. Útlánatap lækkar það svo um 2,7 prósentur og stækkun áhættugrunns, sem byggir á útlánavexti og lítilla hærri áhættuvogum, lækkar hlutfallið um 0,9 prósentur til viðbótar. Sá útlánavöxtur sem raun-


gerist byggir ekki einungis á framboði lánsfjár heldur líka á eftirspurn. Raungerist hann ekki eða einungis að litlum hluta, t.d. vegna dræmrar eftirspurnar, má því gera ráð fyrir að hlutfall eigin fjár þáttar 1 lækki minna.



Samanburður við grunnsviðsmynd

Sé miðað við grunnsviðsmynd ættu hreinar vaxtatekjur bankanna að halda áfram að vaxa og útlánatap að haldast lítið. Samkvæmt henni mætti búast við að hagnaður ársins 2025 næmi 101 ma.kr. fyrir KMB samanlagt. Tapið sem reiknast samkvæmt álagssviðsmyndinni leiðir því til 115 ma.kr. viðsnúnings til hins verra. Samtals hljóðar viðsnúningurinn upp á 269 ma.kr. alls fyrir árin þrjú.

Góð arðsemi KMB í grunnsviðsmyndinni veitir þeim svigrúm til að velja um auknar arðgreiðslur eða aukinn vöxt. Bankarnir áforma að breyta samsetningu eigin fjár með útgáfu víkjandi skulda til móts við sér-



stakar arðgreiðslur. Því má búast við að hlutfall almenns eigin fjár þáttar 1 lækki jafnvel meira en gert er ráð fyrir í álagssviðsmyndinni á næstu árum en að eiginfjárlutfallið verði lítið breytt.

Ályktanir

Niðurstöður álagsprófsins sýna að kerfislega mikilvægir bankar búa yfir miklum viðnámsþrótti og geta stutt við hagkerfið þótt áföll verði í efnahagslífinu. Sterk eiginfjárstaða og grunnrekstur veitir bönkunum svigrúm til að viðhalda útlánavexti, þrátt fyrir efnahagssamdrátt, eignaverðslækkunar og veruleg vanskil og styðja þannig við hagkerfið í niðursveiflu.

Minna skal á að ekki er gert ráð fyrir stjórnendaðgerðum samkvæmt álagsprófinu en stjórnendur KMB myndu án efa grípa til margvíslegra aðgerða til að styðja við lántakendur, til dæmis með skilmálabreytingum og verja hagsmuni hluthafa ef áfall í líkingu við það sem gert er ráð fyrir í álagssviðsmyndinni raungerðist. Þær aðgerðir myndu að líkindum koma í veg fyrir einhvern hluta vanskila og milda nokkuð áhrif áfallsins á efnahagsreikninga bankanna.

Háar og stöðugar áhættuvogir sem KMB beita samkvæmt staðalaðferðinni leiða til mikils almenns eigin fjár þáttar 1 og er það ein af ástæðum þess að hlutfall eigin fjár þáttar 1 af áhættugrunni lækkar aðeins um 1,3 prósentur frá upphafsgildi til lággildis samkvæmt álagssviðsmyndinni. Til samanburðar lækkar hlutfallið um 3,7 prósentur samkvæmt álagsprófi EBA á evrópska banka, sem var byggt á álagssviðsmynd af sambærilegum alvarleika. Þátttakendur í því prófi eru að jafnaði með mun lægri og áhættunæmari áhættuvogir en íslensku KMB og því minna almennt eigið fé þáttar 1 sem hlutfall af heildareignum.⁷

Jafnframt er ýmislegt annað sem aðskilur evrópsku bankana frá þeim íslensku eins og til dæmis meiri áhætta gagnvart eignamörkuðum. Tap evrópsku bankanna af fjáreign kom allt fram á fyrsta ári EBA sviðsmyndarinnar og nam 183 ma. evra sem gerir það næst stærsta áhættuþáttinn á eftir útlánatapi sem nam 394 ma. evra yfir öll ár sviðsmyndarinnar. Tap íslensku KMB af fjáreign nam 20 ma.kr. á fyrsta ári sviðsmyndar Seðlabankans samanborið við stærsta áhættuþáttinn, útlánatap sem nam 145 ma.kr. yfir öll ár sviðsmyndarinnar. Hlutfallslega er því tap af fjáreign talsvert minna hjá íslensku bönkunum. Þessar niðurstöður styðja þá fullyrðingu að viðskiptalíkön íslensku bankanna treysti

meira á hefðbundna útlánastarfsemi en hjá stærri evrópskum bönkum. Frekari umfjöllun um mun álagsprófs EBA og álagsprófi Seðlabankans er að finna í ramma-grein 1.

Eiginfjákröfur í álagsprófinu miðast við óbreytta stöðu frá því um síðustu áramót. Í álagsprófinu fer áfall í raunhagkerfinu saman við fjármálaáfall sem einkennist af mikilli lækkun eignaverðs og tapi í bankakerfinu. Í slíku áfalli kemur aflétting sveiflujöfnunaraukans til greina til að mæta áhrifum áfallanna. Sé talið nauðsynlegt að aflétta auknum til að viðhalda útlánavilja KMB sýnir niðurstaða álagsprófsins að aflétting hans að hluta, t.d. um 1,5 prósentu, myndi nægja til að mæta lækkun eiginfjárlutfallanna.

7. Álagspróf EBA byggir á fullri aðlögun að breyttri CRR reglugerð við mat á áhættugrunni en álagspróf Seðlabankans byggir á eldri reglugerð þar sem ný reglugerð hefur ekki tekið gildi hér á landi.

Íslenskir bankar og álagspróf EBA árið 2025

Sviðsmynd álagsprófs Seðlabanka Íslands árið 2025 er áþekk sviðsmynd álagsprófs Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (European banking authority, EBA) hvað varðar þróun efnahagsmála. Í báðum álagsprófunum er gert ráð fyrir aukinni alþjóðlegri spennu vegna stríðsátaka, viðtækum tollum og mögulegum langtímaafleiðingum þeirra. Því er áhugavert að þessu sinni að skoða forsendur og aðferðafræði sem beitt er við mat á stöðu evrópskra banka í álagsprófi EBA og bera saman við forsendur og aðferðafræði í álagsprófi Seðlabankans þar sem íslenskir bankar taka ekki þátt í evrópska álagsprófinu.

Mismunandi álagspróf

Seðlabanki Íslands framkvæmir álagspróf árlega og byggir við vinnslu þeirra á gögnum frá kerfislega mikilvægum bönkum út frá forsendum Seðlabankans um þróun þjóðhagsstærða að teknu tilliti til áhrifa þeirra á þjóðhagslíkan bankans. Niðurstöður álagsprófsins varpa ljósi á viðnámsþrótt íslensku bankanna og eru hluti af mati Seðlabankans á eiginfjárförf bankanna, bæði hvað varðar stoð 2-G og eiginfjárfæruka. EBA framkvæmir álagspróf annað hvert ár. Niðurstaða álagsprófs EBA árið 2025 var birt 1. ágúst sl.¹ Íslenskir bankar taka ekki þátt í álagsprófi EBA sökum hlutfallslegrar smæðar þeirra. Í ár metur álagspróf EBA viðnámsþrótt banka og áhættuþol m.a. út frá nýlegum breytingum á CRR-reglugerðinni.² Matið veitir innsýn í hvort bankar hafi nægilegt eigið fé til að mæta áföllum og geti áfram miðlað lánsfé til fyrirtækja og heimila á álagstímum og þannig varðveitt fjármálastöðugleika. Niðurstaða álagsprófsins veitir markaðsaðhald þar sem útkoma fyrir sérhvern banka er birt og sýnt er hver áhrif mögulegs áfalls yrðu á stöðu hvers þeirra.

Evrópska kerfisáhætturáðið (ESRB) hannar grunn- og álagssviðsmynd prófsins í nánú samstarfi við eftirlitsstofnanir, seðlabanka og fjármálaeftirlit Evrópu. Grunnsviðsmynd er byggð á þjóðhagssþá seðlabanka hvers ríkis við árslok 2024 en álagssviðsmyndin er hönnuð af vinnuhópi ESRB. Álagssviðsmyndin er byggð á samþættri fjármála- og efnahagsveflu sem felur í sér mikinn samdrátt í hagkerfinu og vaxandi spennu í alþjóðaviðskiptum s.s. aukna verndartolla auk talsverðrar hækkunar orku- og hrávöruverðs. Forsendur

álagssviðsmyndar eru aðlagðar fyrir hvert ríki og eru ólíkar innbyrðis t.d. hvað varðar eignaverð og þjóðhagsstærðir. Aðlögunin fer eftir því hver staða þjóðarbúsins er í hverju ríki og ræðst t.d. af mismunandi vægi utanríkisviðskipta, eðli vinnumarkaðar, ójafnvægi á fasteignamarkaði sem og hvernig fyrri efnahagsáföll hafa leikið viðkomandi ríki. Fjármálaeftirlit viðkomandi ríkja bera ábyrgð á að sameiginlegum forsendum prófsins sé beitt gagnvart öllum bönkunum sem taka þátt í prófinu og að þær komi fram í niðurstöðum þess. Sameiginleg aðferðafræði við mat á áhrifum álags á hvert ríki og skorður við viðbrögðum banka veita samanburðarhæfa niðurstöðu um stöðu bankanna í þeim mögulegu aðstæðum sem álagssviðsmyndin lýsir hvað varðar evrópskan markað í heild.

Í ár voru 64 bankasamstæður, sem eiga yfir 75% heildareigna bankakerfisins í Evrópu, þátttakendur í álagsprófinu. Aðferðafræði álagsprófs EBA 2025 var breytt til að fanga áhrifin af breytingum á CRR-reglugerðinni sem tók gildi í Evrópu 1. janúar 2025. Breytingarnar fela í sér ný lágmarksviðmið við mat á útlána-, rekstrar- og markaðsáætlu, óháð því hvort bankar nota staðal- eða innramatsaðferð við útreikning á eiginfjárförfu, auk þess sem gert er ráð fyrir frestun áhrifa vegna breytinga á endurmati eigna til sölu (Fundamental Review of the Trading Book, FRTB).³ Í aðferðafræði álagsprófsins er einnig tekið tillit til lærdóms frá síðasta álagsprófi og er nú miðað við samræmda vænta þróun vaxtatekna auk þess sem settar eru takmarkanir á hámarks- og lágmarkshagnað af markaðsviðskiptum og þóknanatekjum bankanna. Þessar breytingar eru hluti af aðlögun á framkvæmd álagsprófsins vegna gildistöku breytinga á CRR-reglugerðinni. Upplýsingar um stöðu efnahags og reksturs við árslok 2024 eru veittar bæði í samræmi við nýja og eldri útgáfu CRR-reglugerðarinnar. Til að gæta samræmis við eldri álagspróf eru einnig birtar eiginfjárförfur miðað við kröfur fyrra álagsprófs þar sem evrópskir bankar hafa átta ár til að aðlagast breyttri CRR-reglugerð. Áhrifa breytinganna gætir einkum í bönkum sem nota innramatsaðferð við mat á áhættugrunni. Þeir bankar þurfa að aðlaga útreikning áhættugrunns innramatsaðferðar að viðmiði staðalaðferðar, sem hækkar í skrefum á tímibili

1. Niðurstaða álagsprófs EBA árið 2025.

2. Nánari upplýsingar má finna á [heimasíðu EBA](#) og [heimasíðu Seðlabankans](#).

3. Sumir evrópskir bankar nota innramatsaðferð (Internal ratings based approach, IRB) fremur en staðalaðferð (Standardized approach, SA) við notkun líkana á útreikningi eiginfjárfarar út frá áhættugrunni, sjá nánar á [heimasíðu EBA](#). Íslenskir bankar nota staðalaðferð við slíkt mat.

aðlögunar fram til ársins 2033. Lágmarksviðmið mun nema 72,5% af áhættugrunni samkvæmt staðalaðferð árið 2033. Þessi aðlögun útreiknings leiðir því til hækkunar áhættugrunns og þar af leiðandi lækkunar eiginfjárlutfalls banka sem nota innramatsaðferð.⁴ Íslenskir bankar nýta allir staðalaðferð.

Við framkvæmd álagsprófa EBA og Seðlabankans er gögnum safnað frá hverjum banka um áhrif áfalls. Gefnar forsendur um þróun ákveðinna stærða, s.s. vaxta, eða takmarkanir á hvernig áfall geti haft áhrif á banka innan tilgreindra viðmiða, getur haft áhrif á niðurstöðurnar. Í álagsprófum EBA er gert ráð fyrir stöðugum efnahagsreikningi, þ.e. að bankar geti hvorki breytt samsetningu né stærð efnahagsreiknings yfir tímabilið né gripið til stjórnendaaðgerða til að bregðast við áfalli sem verður samkvæmt sviðsmyndinni. Álagspróf Seðlabankans er líkt að því leyti að í því er hvorki gert ráð fyrir breyttri samsetningu efnahagsreiknings né stjórnendaaðgerðum en gert er ráð fyrir útlánavexti auk áhrifa af verðlags- og gengisþróun. Slíkar forsendur eru settar til að gæta raunsæis og stuðla að samanburðarhæfni. Niðurstaða álagsprófs Seðlabankans er birt fyrir markaðinn í heild en ekki einstaka banka, ólíkt álagsprófi EBA.

Sviðsmynd álagsprófs EBA

Í sviðsmynd álagsprófs EBA 2025 er gert ráð fyrir frá aukinni alþjóðlegri spennu og átökum milli þjóða. Bæði er gert ráð fyrir stríðsátökum og áföllum sem tengjast samdrætti í alþjóðaviðskiptum sökum tollastríðs og áhrifa þess á vöruframboð og eftirspurn. Þetta leiðir til efnahagssamdráttar, bæði alþjóðlega og í Evrópu. Eignaverð lækka verulega og alvarlegur samdráttur verður í landsframleiðslu yfir álagstímabilið. Ólíkt síðasta álagsprófi EBA, þar sem könnuð voru langtímaáhrif hárrar verðbólgu, er verðbólga samkvæmt þessu prófi minni en áður og varir skemur. Áherslur álagsprófsins endurspeglar þá miklu óvissu sem ríkir í þróun heimsmála í dag og mögulegar afleiðingar fyrir efnahag ríkja Evrópu.


Helstu breytingar í þjóðhagsstærðum álagssviðsmyndarinnar fyrir Evrópuríkin í heild eru samtals 6,3% samdráttur landsframleiðslu að raunvirði yfir árin 2025-2027 ásamt aukningu atvinnuleysi um 5,8% á tímabilinu. Áfallið er alvarlegra en það sem varð í fjármálakreppunni 2008 sem og nýlegri efnahagsáföll. Verðbólga eykst um 2,6 prósentur umfram grunnsviðsmynd árið 2025 og 1,5 prósentur árið 2026 en er 0,2 prósentum minni árið 2027 en grunnsviðsmynd segir til um. Frávik langtímavaxta evrusvæðisins er allt

að 1,5 prósentum yfir vöxtum grunnsviðsmyndar og verður þetta frávik á miðju tímabili álagssviðsmyndarinnar.

Meginmunur á niðurstöðum í álagsprófi EBA og Seðlabankans felst í því hve áhrif ýmissa þjóðhagsstærða eru mismunandi þótt undirliggjandi áföll séu hin sömu í sviðsmyndunum.⁵ Sem dæmi má nefna að samdráttur vergrar landsframleiðslu á álagstímabilinu verður 3,7% á Íslandi samkvæmt íslenska prófinu en er 6,3% í Evrópu samkvæmt EBA prófinu. Meðaltal atvinnuleysis í Evrópu er 11,6% á tímabilinu en 7,7% hérlandis. Verð á íbúðarhúsnæði lækkar um 15,7% yfir tímabilið í Evrópu en 20% hérlandis og verð atvinnuhúsnæðis lækkar um tæp 30% í Evrópu og 25% á Íslandi. Í EBA álagsprófinu er tekið tillit til áhrifa breyttrar CRR-reglugerðar á útreikning áhættugrunns en í álagsprófi Seðlabankans er það ekki gert þar sem breytingarnar á reglugerðinni hafa ekki enn verið innleiddar hér á landi.

Niðurstöður

Niðurstöður álagsprófs EBA sýna að stærstu bankar Evrópu hafa töluverðan viðnámsþrótt gagnvart alvarlegu áfalli sem felur í sér mikinn samdrátt, aukna spennu í alþjóðamálum og átök í tollamálum. Hlutfall almenns eigin fjár þáttar 1 banka sem tóku þátt í EBA álagsprófinu lækkar um 3,7 prósentustig yfir álagstímabilið. Hlutfallið var 15,8 prósent í lok árs 2024 og fer niður í 12,1% við lok álags árið 2027 eins og sést á mynd 1-1.




Sé niðurstaða þeirra norrænu banka sem tóku þátt í álagsprófi EBA borin saman við heildarniðurstöðu prófsins sést að þeir fylgja sambærilegri þróun og aðrir evrópskir bankar en eru með lægri uppsöfnuð áhrif lækkunar á eigin fjár hlutfalli yfir álagstímabilið eins og sést á mynd 1-2.

4. Nánari upplýsingar má finna á bls. 19 í skýrslu EBA um álagspróf.

5. Þjóðhagsstærðir í álagsprófi Seðlabanka Íslands er að finna hér.

Mynd 1-2

Uppsöfnuð lækkun hlutfalls almenns eigin fjár þáttar 1




Heimildir: Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA), Seðlabanki Íslands.

Sé niðurstaða álagsprófs Seðlabankans borin saman við niðurstöðu EBA álagsprófsins virðist næmni hlutfalls almenns eigin fjár þáttar 1 íslenskra banka vera minni fyrir sambærilegu álagi og beitt var á evrópska banka. Jafnframt batnar hlutfallið hratt hjá íslensku bönkunum og nær sömu stöðu og var fyrir álag en hjá evrópsku og norrænu bönkunum gerist það ekki.

Mynd 1-3

Uppsöfnuð lækkun hlutfalls almenns eigin fjár þáttar 1 frá upphafi álags



Heimildir: Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA), Seðlabanki Íslands.

Við upphaf EBA álagsprófsins er arðsemi evrópskra banka meiri og eiginfjárstaða betri en verið hefur á undanförnum árum. Álagssviðsmyndin hefur mismunandi áhrif á atvinnugreinar vegna hækkandi orku- og hrávöruverðs ásamt hærri tollum í alþjóðaviðskiptum. Traustur tekjuginnur banka í Evrópu leiðir til þess að áhrif annarra áhættuþátta prófsins verða minni. Hreinar vaxtatekjur lækka vegna hærri vaxta og herra áhættuálags við endurfjármögnun útgefinna skuldabréfa banka, en stór hluti útlánasafna er endurfjármagnaður á tímabilinu sem vegur á móti lækkuninni þegar líða tekur á prófið. Aðrar tekjur s.s.

þóknatekjur þróast á jákvæðan hátt við áfallið og aukast á tímabilinu. Sterkur tekjuginnur bankanna við upphaf álagssviðsmyndarinnar styður því við viðnámsþrótt þeirra. Þá leiðir skilvirkni evrópskra banka undanfarin ár til þess að það dregur úr kostnaði í hlutfalli við tekjur.

Álagspróf EBA greinir áhrif áfalls niður á atvinnugreinar til að fanga hvar mestu áhrif áhættuþáttanna koma fram fyrir mismunandi banka, enda eru lánasöfn þeirra eins misjöfn og þeir eru margir. Bankar verða því fyrir mismiklum áhrifum af áfallinu samkvæmt álagsprófinu sem gerir æfinguna raunhæfari en ella. Útlánatap er misjafnt eftir atvinnugreinum þar sem áhrif tollabreytinga koma verr við sumar atvinnugreinar en aðrar. Sér í lagi koma þær illa við atvinnugreinar sem reiða sig mikið á alþjóðlegar aðfanga-keðjur, s.s. verslun, iðnað og landbúnað. Helmingur útlánataps kemur þó frá fasteignafélögum. Útlán til þeirra nema 19,5% fyrirtækjalána og valda 15,5% rýrnun fyrirtækjalána í áfallinu. Áhættuginn eykst um 9,6% yfir álagstímabilið, aðallega vegna aukinnar útlánaáhættu vegna breyttra aðferða sem felast í breytingum á CRR-reglugerðinni.

Bankar í Evrópu eru með 12% hlutfall almenns eigin fjár þáttar 1 við lok álagssviðsmyndarinnar sem er betri niðurstaða en í fyrri álagsprófum.⁶ Niðurstaða álagsprófs Seðlabankans er að viðnámsþróttur íslenskra banka sé töluverður sé litið til sambærilegra forsendna og þeirra sem notaðar eru í álagsprófi EBA og er hlutfall almenns eigin fjár þáttar 1 19,7% við upphaf og lok álagssviðsmyndar Seðlabankans. Sé litið til vogunarhlutfalls eru íslenskir bankar með hlutfallslega talsvert herra eigið fé. Tap útlána hefur sjálfkrafa minni áhrif á eiginfjárhlutföll hjá bönkum eins og þeim íslensku sem notast við áhættuvogir staðalaðferðar frekar en innramatsaðferðar við mat á áhættuginni.⁷ Frávik almenns eigin fjár þáttar 1 nemur 3,7 prósentum yfir allt tímabilið hjá evrópskum bönkum samkvæmt álagsprófi EBA og væri sama hlutfall vogunar evrópskra og norrænna banka notað á íslenska banka væri samanlagt frávik hjá íslenskum bönkum 1,5 prósentur.⁸

Íslenskir bankar virðast byggja á traustum tekjuginni og eignagæði eru mikil. Það leiðir til þess að íslensku bankarnir virðast ráða vel við sambærilegt áfall og gert var ráð fyrir að evrópskir bankar yrðu fyrir í álagsprófi EBA.

6. Niðurstöður úr álagsprófi EBA má finna hér.

7. Vogunarhlutfall evrópskra banka nam 5,75% í upphafi álags og lækkar niður í 4,92% við lok þess á meðan íslenskir bankar eru með herra hlutfall eða 12,6% við upphaf álags sem lækkar í 12,0% við lok þess.

8. Álagspróf EBA byggir á fullri aðlögun að breyttri CRR reglugerð við mat á áhættuginni en álagspróf Seðlabankans byggir á eldri reglugerð þar sem ný reglugerð hefur ekki tekið gildi hér á landi.

Útlánavöxtur og víxlverkun

Inngangur

Við framkvæmd álagsprófs Seðlabanka Íslands er inn- og útlánavöxtur metinn með sérstöku tölfraðilíkani. Niðurstaða líkansins er skilyrt miðað við þær hagstærðir sem koma fyrir í sviðsmyndum álagsprófsins svo víxlverkun milli viðbragða banka og raunhagkerfisins ætti ekki að eiga sér stað ef gert er ráð fyrir að inn- og útlán fylgi því.

Ein mikilvæg undantekning er gerð við framkvæmd álagsprófsins þar sem gólf er sett við 0% raunvöxt útlána, þ.e. raunvöxtur útlána getur ekki orðið neikvæður í sviðsmyndinni. Fyrir því eru einna helst tvenn rök. Í fyrsta lagi minnka áhættuvegnar eignir banka, þ.e. áhættugrunnur, við það að draga úr útlánum eða selja frá sér útlánasöfn, en áhættugrunnurinn myndar nefnara við útreikning á eiginfjárlutfalli banka. Tilgangur álagsprófs er að kanna hvort bankar geti staðið af sér áföll. Eiginfjárlutfallið er helsti mælikvarðinn á þann viðnámsþrótt. Hækkun eiginfjárlutfalls með því að minnka áhættugrunn telst til stjórnendaaðgerða, en þær eru ekki leyfðar við framkvæmd álagsprófsins. Er það gert til þess að vanmeta ekki áhrif álagsprófsins. Í öðru lagi varð kerfisbreyting í fjármálaáfallinu 2008 sem leiddi meðal annars af sér 6-7 ára tímabil þar sem útlán drógust saman svo gögnin sem líkanið byggir á endurspeglar líklega ekki fyllilega skammtímasamband útlána og annarra þjóðhagstærða.

Hér að aftan kemur stutt lýsing á líkaninu fyrir inn- og útlánavöxt. Næst er afleiðing þess að víkja frá spágildum líkansins könnuð með viðbragðsgreiningu og endað er á umfjöllun um hvað greiningin getur sagt okkur um víxlverkun viðbragða banka og raunhagkerfisins í áfallinu sem tekið er fyrir í álagsprófi þessa árs.

Mat á þróun inn- og útlánavaxtar

Tölfraðilíkanið er margvitt tímaraðalíkan (e. Vector Autoregression, VAR) sem byggir á ársfjórðungslegum gögnum frá 2004 til 2024. Líkanið er metið með bayesískri aðferðafræði því það inniheldur hlutfallslega margar breytur en fáar athuganir. Breytur líkansins eru helstu þjóðhagstærðir í sviðsmyndum álagsprófsins, svo sem verg landsframleiðsla, útflutningur og atvinnuleysi ásamt inn- og útlánum bankakerfisins til heimila og fyrirtækja, auk samantlagðs eigin fjár bankakerfisins.¹

Líkaninu er ætlað að endurspeglar þróun inn- og útlána sem ræðst af samspili framboðs og eftirspurnar á innlendum innlána- og lánsfjármarkaði. Ef efnahagslægð leiðir til samdráttar í lánsfjárefitirspurn innan einkageirans geta útlán dregist saman þótt bankar séu viljugir til að lána. Leiði hún til samdráttar í lánsfjárframboði geta útlán að sama skapi dregist saman þótt einkageirinn sækist eftir auknu lánsfé. Ef hvort tveggja dregst saman getur samdráttur útlána orðið snarpur.

Mat á víxlverkun banka og raunhagkerfis

Í grunnsviðsmynd álagsprófs þessa árs gefur skilyrt spá líkansins til kynna jákvæðan útlánavöxt öll árin fyrir bæði heimili og fyrirtæki. Í álagssviðsmyndinni kveður spá líkansins á um útlánavöxt til heimila öll árin en samdrátt í útlánum til fyrirtækja. Gólf fyrir útlánavöxt fyrirtækjalána er bindandi öll árin. Áhrifin sem gólfið hefur eru mismikil milli ára. Spágildi fyrsta árs er -1% raunvöxtur útlána en á öðru og þriðja ári er spágildið -4%. Útlánavöxturinn sem niðurstaða álagsprófsins byggir á er því 4 prósentum hærri en líkanið gefur til kynna á seinni tveimur árum sviðsmyndarinnar. Því má búast við að áhrifin af því að eiga við útlánabreytuna með þessum hætti komi að mestu fram á öðru og þriðja ári álagssviðsmyndarinnar.


Til að kanna umfang áhrifanna af þróun útlána á hagkerfið er stuðst við metin viðbragðsföll (e. impulse response functions) margvíða tímaraðalíkansins gagnvart óvæntri breytingu í útlánavexti til fyrirtækja. Miðað er við fjögurra prósentu hnykk útlánavaxtar til samræmis við inngrip í spá líkansins á öðru og þriðja ári.

Mynd 2-1 sýnir metin viðbrögð fjögurra breyta sem gefa almenna mynd af hagkerfinu í þessum útlánahnykk. Niðurstöðurnar eru þær að óvænt 4 prósentu stökk í útlánavexti hafi jákvæð áhrif á landsframleiðslu og þau eru marktæk eftir einn til þrjá ársfjórðunga og nema þá 0,4 prósentum. Áhrifin á atvinnuleysi eru fyrst um sinn engin en þremur ársfjórðungum eftir útlánahnykkinn er atvinnuleysi 0,1 prósentu minna en annars hefði verið, sú niðurstaða er þó ekki tölfraðilega marktæk. Útflutningur eykst einnig eftir útlánahnykkinn og áhrifin eru mest eftir þrjá ársfjórðunga þegar hann er tveimur prósentum meiri en annars hefði verið.

Áhrif á innlán eru einnig könnuð. Búast mætti við að aukin útlán til fyrirtækja leiði að öðru óbreyttu til meiri

1. Hagstærðir eru á raunvirði og gögn um út- og innlán eru leiðrétt fyrir verðlagi og gengisbreytingum.

innlánavaxtar. Samkvæmt viðbragðsfallinu veldur fjögurra prósentu aukning útlána til fyrirtækja um 0,2 prósentu aukningu innlána einum ársfjórðungi síðar. Áhrifin aukast svo í 0,8 prósent rúmu ári eftir hnykkinn.



Greiningin sýnir að skammtímaáhrifin af útlánahnykk eru heilt yfir jákvæð fyrir hagkerfið, sem er í samræmi við hagfræðilegt innsæi. Þau eru þó frekar mild og virðast ekki

til þess fallin að hafa marktæk áhrif á niðurstöðu álagsprófsins. Sjá má af öryggisbilunum sem sýnd eru á mynd 2-1 að tölfraðileg marktækt er í mörgum tilfellum veik. Líkanið er tiltölulega einfalt og útlán aðeins einn af mörgum þáttum sem haft geta áhrif á þróun annarra breyta líkansins. Því er viðbúið að áhrifin sem koma fram í viðbragðsgreiningunni séu væg. Frekari þróun líkansins mun einna helst felast í aðlögun vegna kerfisbreytinga sem varða söguleg gögn um útlánavöxt og notkun hliðarskilyrða á samtímasambönd breyta.

Hvenær kemur til neikvæðrar víxlverkunar?

Greiningin bendir til þess að sú forsenda álagsprófsins, að túlka útlánasamdrátt sem stjórnendaaðgerð og heimila ekki slík viðbrögð innan sviðsmyndanna, valdi því að áfallið sjálft, eins og það birtist í þróun þjóðhagstærða, verði ögn mildari en annars hefði orðið. Grípi bankarnir hins vegar til þess úrræðis að draga enn meira úr útlánum en sem nemur 4% samdrætti snúast formerkin við og áfallið verður alvarlegra en það hefði annars verið.

Niðurstaðan undirstrikar því hversu skaðleg ótta-kennd viðbrögð við áföllum geta verið. Þau eru ekki aðeins skaðleg heildarhagsmunum hagkerfisins, heldur einnig hagsmunum bankanna sjálfra. Með því að draga snögglega úr útlánum og draga eftir fremsta megni úr allri áhættutöku geta bankar magnað efnahagsáföll og gert stöðuna verri en ella. Það kemur á endanum niður á gæðum og lausafjárnir þeirra eigin eignasafna.

Eiginfjárlutföll bankanna í álagsprófi þessa árs eru samkvæmt prófinu alltaf yfir heildarkröfu um eiginfjárgrunn og viðmiðunarmörkum reglna um hámarksútgreiðslur (e. maximum distributable amount, MDA). Einnig hafa bankarnir marga kosti til að bæta efnahag sinn, eins og að vinna með lántökum með því að breyta skilmálum lána, hagræða fjármögnun og fleira. Reynsla bankanna af þessum aðgerðum í heimsfaraldrinum var góð og því er líklegt að í áfalli sem þessu grípi þeir aftur til slíkra aðgerða frekar en að draga óhóflega úr veitingu nýrra útlána eða selja útlánasöfn. Sterk eiginfjárstaða bankanna og eignagæði koma því í veg fyrir að það komi til neikvæðrar víxlverkunar viðbragða banka og raunhagkerfis samkvæmt álagsprófi þessa árs.

Viðauki

Orðskýringar

Almennt eigið fé þáttar 1:

Til almenns eigin fjár þáttar 1 telst einkum innborgað hlutfé eða stofnfé, yfirverðsreikningur hlutfjár eða stofnfjár, óráðstafað eigið fé og varasjóðir.

Áhættugrunnur:

Samtala veginna áhættuþátta sem starfsemi fjármálafyrirtækis felur í sér, s.s. útlánaáhættu, markaðsáhættu, rekstraráhættu o.fl., samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 575/2013 (CRR), sbr. lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Áhættuvegnar eignir:

Eignir vegnar með áhættuvog samkvæmt CRR, sbr. lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Ávöxtunarkrafa:

Sú krafa sem kaupandi gerir um ávöxtun á fé sínu á ársgrundvelli.

Bókfært virði útláns:

Eftirstöðvar láns þegar búið er að draga frá afföll eða fjárhæðir sem lagðar hafa verið til hliðar á afskriftarreikning.

Eigið fé:

Eignir að frádregnum skuldum.

Eiginfjáráukar:

Auknar eiginfjárkröfur sem fjármálafyrirtæki þurfa að viðhalda í samræmi við lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Sveiflujöfnunarauki, eiginfjáruki fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki og kerfisáhættuauki eru ákvarðaðir með reglum Seðlabankans að undangengnu samþykki fjármála-stöðugleikanefndar. Verndunarauki gildir um nánar tiltekin fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Eiginfjárgrunnur:

Samtala tveggja eiginfjárþátta, þáttar 1 sem samanstendur af almennu eigin fé þáttar 1 og viðbótar eigin fé þáttar 1 ásamt eiginfjárþætti 2, að teknu tilliti til frádráttarliða samkvæmt CRR, sbr. lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Til frádráttarliða telst tap yfirstandandi árs, samþykkt arðsúthlutun og ef við á fyrirsjáanleg arðsúthlutun, viðskiptavild og aðrar óefnislegar eignir, reiknuð skattinneign, bókfært virði eigin hluta í eigu hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis o.fl.

Eiginfjárlutfall:

Eiginfjárgrunnur sem hlutfall af áhættugrunni.

Eiginfjárþáttur 2:

Eiginfjárþáttur 2 tekur til eiginfjárgerninga sem mæta tapi þegar rekstrarhæfi er brostið, t.d. víkjandi skuldabréf með takmarkaðan líftíma.

Eignarhaldsfélag:

Félag sem hefur það eitt að markmiði að eignast hluti í öðrum félögum, fara með umsýslu þeirra og skila arði af þeim, án þess að taka sjálft beinan eða óbeinan þátt í að reka félögin, þó með fyrirvara um rétt þess sem hluthafa.

Evrópsku eftirlitsstofnanirnar:

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA), Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin (EIOPA), Evrópska verðbréfa-markaðseftirlitsstofnunin (ESMA) ásamt Evrópska kerfisáhætturáðinu (ESRB), sbr. lög nr. 24/2017, um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði.

Fjármálakerfið:

Viðskiptabankar, sparisjóðir, lánaþyrirtæki, verðbréfaþyrirtæki, lífeyrissjóðir, váttryggingafélög, verðbréfasjóðir, sérhæfðir sjóðir og lánasjóðir ríkisins.

Fjármögnunarreglur:

Fjármögnunarreglur samkvæmt CRR, sbr. lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, kveða á um að lánastofnanir skuli viðhalda 100% hlutfalli stöðugar fjármögnunar (e. net stable funding ratio, NSFR) í öllum gjaldmiðlum samtals. Reglurnar eru byggðar á alþjóðlegu viðmiði BCBS. Reglunum er ætlað að takmarka að hve miklu leyti lánastofnanir geti reitt sig á óstöðuga skammtímafmögnun til að fjármagna langtíma-útlán í erlendum gjaldmiðlum.

Fjártækni:

Hvers kyns nýsköpun í fjármálaþjónustu sem byggist á tækni og leitt getur til nýrra viðskiptamóðela, hugbúnaðar, ferla eða vara í greiðsluþjónustu og haft áhrif á fjármálamarkaði og stofnanir og það hvernig fjármálaþjónusta er veitt.

Gengisvísitala:

Vísitala meðalgengis m.v. meðaltal innflutnings og útflutnings, notast er við þrönga viðskiptavog.

Gjaldeyrisforði:

Erlendar eignir undir stjórn yfirvalda peningamála sem teljast aðgengilegar ef á þarf að halda.

Gjaldeyrisjöfnuður:

Seðlabanki Íslands hefur sett reglur nr. 784/2018, um gjald-eyrisjöfnuð. Samkvæmt reglunum má hvorki heildargjaldeyr- isjöfnuður kerfislega mikilvægra fjármálafyrirtækja né heldur opin staða í einstökum gjaldmiðlum vera jákvæð eða neikvæð um meira en 10% af eiginfjárgrunni. Fyrir aðrar lánastofnanir nemur hlutfallið 15% af eiginfjárgrunni.

Gjaldeyrismissvægi:

Mismunur á eignum og skuldum í erlendum gjaldmiðlum.

Hámarksfjárhæð úthlutunar:

Takmarkanir á arðgreiðslum, endurkaupum á eigin bréfum, kaupukum og annars konar úthlutunum ef bankar ganga á eiginfjárauka.

Innlánsstofnanir:

Fjármálafyrirtæki (viðskiptabankar og sparisjóðir) sem heimild hafa til móttöku innlána.

Kerfislega mikilvægir bankar (KMB):

Bankar sem vegna stærðar og eðlis starfsemi sinnar geta haft umtalsverð áhrif á stöðugleika fjármálakerfisins og á hagkerfið að mati fjármálastöðugleikanefndar Seðlabanka Íslands. Þeir eru nú Arion banki hf., Íslandsbanki hf. og Landsbankinn hf.

Kröfuvirði útláns:

Nafnvirði eða eftirstöðvar láns.

Lausafjárlutfall:

Lausar hágæðaeignir sem hlutfall af mögulegu hreinu útlæði á 30 daga álagstímabili samkvæmt reglum nr. 1520/2022, um lausafjárlutfall lánastofnana, sbr. framselda reglugerð (ESB) 2015/61.

Lausafjárreglur:

Með reglum nr. 1520/2022, um lausafjárlutfall lánastofnana, er innleidd framseld reglugerð (ESB) 2015/61, sem byggir á alþjóðlegu viðmiði BCBS. Lánastofnanir skulu viðhalda 100% lausafjárlutfalli (e. liquidity coverage ratio, LCR) í öllum gjald- miðlum samtals auk þess sem þær skulu hafa eftirlit með hlut- falli í einstökum gjaldmiðlum þar sem heildarskuldbindingar eru jafnar eða umfram 5% af heildarskuldum lánastofnunar (e. significant currency). Þá skulu lánastofnanir fullnægja að lágmarki 50% lausafjárlutfall í íslenskum krónum. Jafnframt er gerð krafa um að lánastofnanir fullnægi að lágmarki 80%

lausafjárlutfall í evrum, ef skuldbindingar í evrum nema 10% eða meira af heildarskuldbindingum hlutaðeigandi lánastofn- unar.

Lánastofnun:

Viðskiptabankar, sparisjóðir og lánafyrirtæki sem tekur á móti innlánum eða öðrum endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi og veitir útlán fyrir eigin reikning.

Meginvextir:

Vextir sem Seðlabankinn notar í viðskiptum sínum við lán- stofnanir og ráða mestu um framvindu skammtíma- vaxta á markaði. Það getur verið breytilegt frá einum tíma til annars hvaða vextir Seðlabankans hafa mest áhrif á aðra skammtíma- vexti og teljast þar með meginvextir hans.

Raungengi:

Hlutfallsleg þróun verðlags eða launakostnaðar á einingu í heimalandi annars vegar og viðskiptalöndum hins vegar frá tilteknu grunnári og mælt í sama gjaldmiðli. Raungengi er jafnan sýnt sem vísitala.

Ráðstöfunartekjur:

Með ráðstöfunartekjum er átt við væntar viðvarandi tekjur að frádregnum beinum sköttum og gjöldum í samræmi við lög nr. 118/2016, um fasteignalán til neytenda.

Reiðufé:

Seðlar og mynt sem seðlabanki gefur út.

Arðsemi eigin fjár:

Hagnaður tímabils í hlutfalli af stöðu eigin fjár á sama tímabili.

Skuldabréf:

Skrifleg yfirlýsing þar sem útgefandi viðurkennir einhliða og skilyrðislaust skyldu sína til að greiða ákveðna peninga- greiðslu.

Stór áhættuskuldbinding:

Áhættuskuldbinding fjármálafyrirtækis vegna einstaks við- skiptamanns eða hóps tengdra viðskiptamanna telst vera stór áhættuskuldbinding ef hún nemur 10% eða meira af eigin- fjárþætti 1.

Vanefndir:

Miðast við lánþegaaðferð en þá eru eftirstöðvar allra útlána viðskiptavinar í vanefndum ef eitt lán er komið í 90 daga van- skil, í frýstingu eða lántaki er metinn ólíklegur til að standa við skuldbindingar sínar.

Vanskil:

Miðast við lánaaðferð, en þá eru eftirstöðvar útláns viðskiptavinar í vanskilum ef ekki hefur verið greitt af því í 90 daga eða lengur.

Vaxtaálag:

Álag á grunnvexti, t.d. millibankavexti.

Vaxtabyrði:

Vaxtagreiðslur í hlutfalli við ráðstöfunartekjur.

Vaxtaróf:

Ferill ávöxtunarkröfu á fjármagnsmarkaði eftir tímalengd.

Veðsetningarhlutfall:

Skuld sem hlutfall af virði eignar, t.d. fasteignaveðskuld sem hlutfall af virði viðkomandi fasteignar (e. Loan-to-value, LTV), í tilfelli íbúða lána er veðsetningarhlutfall skilgreint í reglum um hámark veðsetningarhlutfalls fasteignalána til neytenda.

Verðtryggingarmisvægi:

Mismunur verðtryggðra eigna og skulda.

Viðbótar eigin fé þáttar 1:

Einungis eiginfjárgerningar með ótakmarkaðan líftíma geta talist til viðbótar eigin fjár þáttar 1.

Viðskiptabanki:

Lánastofnun sem hlotið hefur starfsleyfi sem viðskiptabanki samkvæmt lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Viðskiptajöfnuður:

Samtala vöru-, þjónustu- og þáttatekjujafnaðar.

Viðskiptakjör:

Hlutfall milli verðlags inn- og útfluttrar vöru og þjónustu.

Víxlar:

Skuldabréf með stuttan líftíma, að jafnaði innan við eitt ár.

Vogunarhlutfall:

Vogunarhlutfallið er reiknað sem mælistærð eiginfjárþáttar 1 fjármálafyrirtækis deilt með heildarmælistærð áhættuskuldbindinga hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis, þ.e. óáhættuvegnar eignir.

